

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur um
framlög ríkisaðila til félagasamtaka.

1. *Hvaða ríkisaðilar sem heyra undir ráðherra eru aðilar að félagasamtökum og að hversu miklum hluta? Hversu mikið hafa ríkisaðilarnir greitt í þau félagasamtök á árunum 2007–2013 í formi félagsgjalda eða með annars konar framlagi? Svar óskast sundurliðað eftir ríkisaðila, félagasamtökum og almanaksári.*

Aðeins einn ríkisaðili, sem heyrir undir utanríkisráðherra, Íslandsstofa, er aðili að félagasamtökum. Íslandsstofa, sem stofnuð var árið 2010, greiðir árgjald til eftirfarandi viðskiptaráða: Þýsk-íslenska viðskiptaráðsins, Ítalsk-íslenska viðskiptaráðsins, Amerísk-íslenska viðskiptaráðsins, Spánsk-íslenska viðskiptaráðsins, Bresk-íslenska viðskiptaráðsins, Fransk-íslenska viðskiptaráðsins, Sænsk-íslenska viðskiptaráðsins og Grænlenk-íslenska viðskiptaráðsins.

Greiðslur voru eftirfarandi eftir árum:

2014	175.000 kr.
2013	170.000 kr.
2012	170.000 kr.
2011	150.000 kr.
2010	150.000 kr.

Einnig greiðir Íslandsstofa árgjald til Staðlaráðs Íslands. Greiðslur til þess voru eftirfarandi eftir árum:

2014	93.000 kr.
2013	87.000 kr.
2012	82.000 kr.
2011	77.000 kr.
2010	55.000 kr.

2. *Hvers konar aðhaldi og eftirliti hefur hver og einn ríkisaðili beitt til að tryggja að framlagi hans sé varið í samræmi við tilgang félagasamtakanna á árunum 2007–2013?*

Fulltrúi Íslandsstofu situr fundi viðskiptaráðanna og Staðlaráðs og hefur þannig eftirlit með að framlagi sé varið í samræmi við tilgang samtakanna.

3. *Hver félagasamtakanna hafa ákvæði í lögum sínum um að reikningar þeirra séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skoðaðir af félagslegum skoðunarmönnum eða með öðrum hætti? Eru einhver þeirra með engin slík ákvæði?*

Viðskiptaráðin og Staðlaráð eru öll endurskoðuð af löggiltum endurskoðanda.

